

EFTIRLITSSKÝRSLA

HULA bs. Skógasandur



Dags eftirlits	24.8.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	HULA bs.	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Hlíðarvegur 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4306972269	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Freyr Elínarson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Tómas Birgir Magnússon	Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávík komu fram við eftirlit og er ein ábending lögð fram.

Frávikin eru: 1) Urðað var umfram heimild í starfsleyfi. 2) Takmarka skal aðgang að urðunarstað ásamt því ber rekstraraðila að halda svæði sínu snyrtilegu. 3) Viðbragðsáætlun liggur ekki fyrir. 4) Hafna skal úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum. Við eftirlit kom fram að ekki er haldið utan um hvað er urðað að fullnustu og að bæta þarf skráningar. 5) Skráningar eru ekki í samræmi við starfsleyfi er varða innra eftirlit í heild sinni. 6) Skráningum á öllum liðum innra eftirlits var ekki skilað fyrir 1. maí.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Byggðasamlags Hulu á Skógarsandi í samræmi við gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfi rekstraraðila gildir til 14.02.2030.

Urðunarstaðurinn hefur heimild til að taka á móti 400 tonnum af úrgangi á ári. Heimilt er að urða almennan úrgang frá heimilum og rekstraraðilum, flokkuðum og blönduðum, óvirkum úrgangi ásamt úrgangi frá brennslu eða hitasundrun tengdum rekstri eða iðnaði. Óheimilt er að urða spilliefni, fljótandi úrgang, hjólbarða, brotajárn eða ökutæki. Óheimilt er að geyma úrgang á urðunarstað.

Heimild er fyrir söfnunarstöð fyrir úrgang innan starfsleyfisins, allt að 130 tonnum á ári. Þar má geyma hættulítinn úrgang sem flokkast sem spilliefni, til skamms tíma svo lengi sem engin meðhöndlun fari fram og samræmist þá meðhöndlun slíkra efna á meðan á geymslu stendur.

Árið 2022 voru urðuð 768,8 tonn af úrgangi á Skógasandi. Uppruni 82% þess úrgangs sem fellur til, kemur frá Mýrdalshreppi, 17% frá Rangárþingi eystra og minna en 1% frá Skaftárhreppi. Almennur úrgangur frá heimilum og rekstri í Rangárþingi eystra berst almennt á urðarstað á Strönd og fyrir Skaftárhrepp fer hann að mestu leyti á urðunarstað á Stjórnarsandi.

67,3% úrgangs sem urðað er á Skógasandi á uppruna sinn í grófúrgangi frá gámasvæðum og verktökum ásamt stórgámum frá hótél og veitingahúsum í Mýrdalshreppi. Af þeim úrgangi sem urðað er, tilheyrir 14,9% gráum tunnum og körum frá heimilum og stofnunum í hreppnum. Liggja hér tækifæri á mun öflugri úrgangsstjórnun með auknu aðhaldi á stærstu úrgangsflokkana sem um ræðir hér að ofan.

Farið var yfir þá hluti starfsleyfisins sem þurfa að liggja fyrir hjá eftirlitsaðila. Ekki var nein viðbragðsáætlun til staðar. Staðfesting á ábyrgðatryggingu atvinnurekstrar liggur fyrir sem gildir út árið 2023. Eftirlitsaðili minnir einnig á tilkynningaskyldu til Umhverfisstofnunar og viðkomandi heilbrigðisnefndar vegna mengunarslysa ef slík tilfelli koma upp í tengslum við rekstur urðunarstaðar eða söfnunarstöðvar.

Rekstraraðili hefur lagt fram umhverfismarkmið vegna Skógasands, helstu stefnumál þeirra markmiða verður að auka flokkun á úrgangi og draga úr urðun sorps á Skógasandi og hámarka endurnýtingu á úrgangi sem fellur til. Samkvæmt greinagerð sem stjórnarformaður Hulu bs skilaði er verið að semja um nýjan umsjónaraðila að rekstri gámasvæðis í Mýrdalshreppi og vonast til að sú aðgerð samfara tilkomu samræmdrar flokkunar með fjögurra tunna kerfi muni draga verulega úr urðuðu magni á Skógasandi. Stjórn Hulu bs. hefur nýlega samþykkt að undirbúa útboð á rekstri urðunarstaðarins á Skógasandi, með það markmið að ná betra aðhaldi á rekstur urðunarstaðar. Hugmyndir stjórnarinnar er að koma á

bílavigt á svæðinu, gjaldtöku á urðað magn, staðurinn verður lokaður af nema á skilgreindum opnunartíma og verði starfsmaður á staðnum sem hefur eftirlit með að urðað sé í samræmi við starfsleyfi.

Telur rekstraraðili að með bættri úrgangsstjórnun þurfi að endurskoða hvert raunverulegt magn endar til urðunar á Skógasandi, upp á endurskoðun starfsleyfis þar sem mun meira fellur til af úrgangi en heimilt er eins og staðan er nú. Hefur verið óskað eftir álit frá Skipulagsstofnun á því hvort breyting á heimiluðu magni frá 400 tonnum upp í 600 tonn sé háð mati á umhverfisáhrifum. Álitð liggur ekki fyrir. Umsókn um breytingu á starfsleyfi upp í 700 tona heimild var stofnuð innan Umhverfisstofnunar 30.11.2021, en bíður álits Skipulagsstofnunar upp á áframhaldandi afgreiðslu innan stofnunarinnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Frá grein 1.2 í starfsleyfi.	Á Skógasandi var urðað 768,840 tonn árið 2023, sem er 92,2% umfram heimild í starfsleyfi.
Frá grein 2.1. í starfsleyfi. Sbr. 7 lið, viðauka I í rgl. 738/2003 um urðun úrgangs:	Rekstraraðili skal halda athafnasvæði urðunarstaðar snyrtilegu ásamt því að aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður. Umgengni á urðunarstað telst ekki góð og auðvelt er að komast inn svæðið þar sem aðgengi er ótakmarkað.
Frá grein. 2.4 í starfsleyfi:	Engin viðbragðsáætlun er til staðar. Rekstraraðila ber að gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfsemi og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 18 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.
Frávik frá grein 4.1. í starfsleyfi.	Við móttöku úrgangs skal fara fram sjónrænt mat svo úrgangur samræmist móttökuskilyrðum. Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum úrgangs skal hafnað. Einnig skulu skráningar á á magni og tegundum úrgangs vera í samræmi við flokkun í reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang.
Frávik frá grein 5.1. og 5.2. í starfsleyfi	Skráningar innra eftirlits, vantar liði 3.-7., ásamt veðurfarsmælingum. Má styðjast við upplýsingar frá nálægri veðurstöð. Rekstraraðili skal vakta grunnvatn, þ.e. stöðu og samsetningu grunnvatns ásamt mengunarefnum í jarðvegi. Að auki skal skrá eftirlit viðhald og tæmingar á olúskilju sem tengist stöfnunarstöð sbr. 3.6 í starfsleyfi.
Frávik frá 5.4 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1., fyrir 1 maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

ÁBENDINGAR

Auðsýnt var að við ótakmarkað aðgengi að óheimiluð losun hefur átt sér stað á urðunarstað, og hefur verið einnig losað í urðunarreinar sem ekki hefur verið gengið frá almennilega. Á svæðinu voru fötur með rotnandi úrgangi, bárujárnsplötur, gler og mikið af alls konar úrgangi á víðavangi ásamt og stórum og rúmfrekum úrgangi frá heimilum eða rekstri, allt frá rúmbotnum og dýnum. Við eftirlit var m.a. urðaður rúmmálsfrekur heita pottur í heilu lagi, sem mögulega hefði verið hægt að koma að hluta til í endurnýtingaferli. Taka þarf til á svæðinu og sjá til þess að ekkert sé af úrgangi sé að berast á urðunarstað sem ekki er heimild til að taka á móti, svæðið þarf að vera snyrtilegt þar sem ekki er verið að urða þá helst til þess að lágmarka fok á lausum úrgangi. Svæðið þarf að vera afgang og hlið læst utan starfstíma urðunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir

